

## Stjórnarfundur

Fundargerð mánudaginn 20. nóvember 2023

Fundurinn er Teams fjarfundur.

Mættir: Guðlaugur Jónsson, Björn Ármannsson, Magnús Harðarson, Sigbór Hilmar Guðnason, Friðrik Höskuldsson og Sigurður A. Þórarinsson

Formaður (ÁS) bauð alla velkomna og setti fundinn kl. 11:00.

### Dagskrá:

1. Útleiga íbúða félagsins vegna kringumstæðna í Grindavík eftir harða jarðskjálfta undanfarið og miklar skemmdir á íbúðarhúsum í bænum. Enginn má heimsækja Grindavík nema í fylgd björgunarsveita eða lögreglu vegna óvissuástands og hættu á yfirvofandi eldgosu á svæðinu.

Í umræðu um útleigu íbúða félagsins til félagsmanna, sem búsettir eru í Grindavík, kom fram að sterkur vilji er til þess hjá stjórnarmönnum að FS hlauti undir bagga meðan það óvissuástand ríkir sem nú er í íbúðamálum Grindvíkinga.

Það fólk sem er í orlofsíbúðum félagsins í Reykjavík um þessar mundir klárar sinn leigusamning en verður ekki vísað út. Gert er ráð fyrir að útleiga til félagsmanna sem búsettir eru í Grindavík hefjist um miðjan desember en það er margt í vinnslu hjá stjórnvöldum varðandi fyrirkomulag útleigu íbúða sem þarf að skoða nánar.

Fundarmenn voru sammál því að einhver tímarammi þyrfti að vera á útleigunni.

Eftir nokkra umræðu var eftirfarandi ályktun samþykkt samhljóma:

„Á stjórnarfundum í Félagi skipstjórnarmanna þann 20. nóvember 2023 var samþykkt að heimila formanni að sjá um útlán á íbúðum félagsins og sumarhúsum eftir þörfum.

Gengið verði frá samningum við þá sem fá inni í íbúðunum í samræmi við það sem almannavarnir og stjórnvöld leggja til varðandi ábyrgðir og tíma.

Miðað verði við að lánstími íbúða verði 3 mánuðir til að byrja með, staðan verði þá endurskoðuð með möguleika á framlengingu í 6 mánuði samtals“.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 11:35



Árni Sverrisson

Formaður



Páll Ægir Pétursson

fundarritari